



# LÖGREGLUSKÓLI RÍKISINS

Krókhálsi 5a • 110 Reykjavík • Sími 577 2200 • Fax 577 2201

Alþingi  
Erindi nr. P 122/1019  
komudagur 6.3.'98

Reykjavík 5. mars 1998

Nefndasvið Alþingis,  
Þórshamri v/Templarasund,  
150 REYKJAVÍK

Efni: Frumvarp til lögreglulaga, 442. mál

Stjórnendur Lögregluskóla ríkisins hafa tekið fyrir á fundi sínum frumvarp til breytinga á lögreglulögum, 442. mál, samstarf lögregluliða, valnefnd Lögregluskólans o.fl., sbr. bréf allsherjarnefndar dags. 20. febrúar sl.

Lögregluskólinn mælir með því að þær breytingar sem koma fram í frumvarpi þessu nái fram að ganga og telur að með því sé verið að gera eðlilegar breytingar.

Hvað viðvíkur undanþágumöguleikum valnefndar skólans, sem fjallað er um í 5. gr. frumvarpsins, er litið svo á að við núverandi aðstæður sé lagabreytingin eðlileg m.t.t. tiltekinna, örfárra manna, sem starfað hafa í langan tíma sem lögreglumenn en höfðu ekki tæk á að sækja um skólavist á sl. ári vegna aldurskilyrða laganna. Ef af verður þurfa þeir menn þá að standast að öðru leyti samanburð við aðra umsækjendur í um skólavist á komandi haustönn.

Arnar Guðmundsson, skólastjóri